

Skýrsla Fjarskiptahóps á aðalfundi SKÝ, þann 14. febrúar 2011

Á síðasta aðalfundi fjarskiptahópsins, sem haldinn var 24. apríl 2010, voru eftirfarandi kostnir í stjórn:

Jón Ingi Einarsson, hjá RHneti, formaður
Gunnar Ólafsson, hjá Nova
Theódór Steinþórsson, hjá Vodafone
Guðmundur Daníelsson, hjá Fjarska
Davíð Stefán Guðmundsson, hjá Símanum, (nýr meðlimur í stjórn)

Af störfum lét þáverandi formaður Sæmundur E. Þorsteinsson hjá Símanum, en hann hafði verið formaður hópsins frá stofnun hans 23. mars 2007.

Hópurinn hefur staðið að einum hádegisverðarfundum síðan þá. Sá fundur fjallaði um IP-símtækni, en Davíð Stefán Guðmundsson bar þungann af undirbúningnum við að útvega fyrirlesara og var jafnframt fundarstjóri.

Fundurinn var haldinn 12. janúar síðastliðinn og var vel sóttur, en Andri Örvar Baldvinsson, hjá Sensa, var með kynningu m.a. á öryggisþáttum IP símkerfa. Erindið hét: „Öryggi og framtíðin. Hvað eru símkerfi í dag?“

Tryggvi Jónsson, hjá Deloitte, fjallaði m.a. um tengsl „open source“ hugbúnaðar og öryggis. Erindi hans hét „Open source símkerfi og öryggismál. Fer þetta saman?“

Þá fór Friðþjófur Bergmann hjá Landspítalanum yfir um áratugs reynslu Landsspítalans á rekstri IP símkerfa. Erindi hans bar yfirskriftina: „IP símkerfi LSH fyrr og nú“

Þá hefur hópurinn verið í viðræðum við fulltrúa Innanríkisráðuneytisins¹ um aðkomu að fundum eða ráðstefnum í tengslum við atriði í nýrri samskiptaáætlun til ársins 2022 sem er í undirbúningi, en fjarskiptaáætlunin 2005-2010 hefur augljóslega runnið sitt skeið. „Stór“ þáttur í þessu er m.a. lagnir og sambönd utan Reykjavíkursvæðisins. Vegna ýmissa breytinga í stjórnsýslunni hefur nokkuð dregist að koma þessum hugmyndum um ráðstefnur í samvinnu við fjarskiptahóp SKÝ á koppinn. Hins vegar er vilji til þess innan fjarskiptahópsins að standa að a.m.k. einum hádegisverðarfundum fyrir sumarið 2011, en hvert efnið verður er enn ekki ákveðið.

F.h. fjarskiptahópsins,

Jón Ingi Einarsson

¹ Í upphafi var það við fulltrúa hjá samgönguráðuneytinu, en það er nú hluti af nýju ráðuneyti: Innanríkisráðuneytinu.